

Alþingi
Erindi nr. P 143/945
komudagur 4.2.2014

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði

Þingskjal nr. 458 - 250. Mál.

Með tölvupósti þann 17. janúar s. l. var undirrituðum sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Undirritaður mun ekki fjalla hér um þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á skipan sýslumannsembættta, en vill koma að athugasemdum um þá grein frumvarpsins sem fjallar um með hvaða hætti og hverjir verði skipaðir í hin nýju sýslumannsembætti. Um þetta er fjallað í ákvæði til bráðabirgða I, en þar segir: „Skipun sýslumanna í hin nýju embætti tekur formlega gildi 1. janúar 2015. Þeir sem við samþykkt laga þessara eru starfandi eða skipaðir sýslumenn og kjósa að sækja eftir nýju embætti skulu njóta forgangs til skipunar í hin nýju embætti sýslumanna skv. 2. gr. laga þessara“.

Mér þykir óeðlilegt að þarna sé gert ráð fyrir því að bæði starfandi og skipaðir sýslumenn eigi að njóta forgangs til hinna nýju embættta. Hér er um afar óvenjulegar embættisveitingar að ræða og því eðlilegt að þeir sem fá slíkan forgang sé sem skýrast afmarkaður hópur. Hér ætti því ekki að láta þessa heimild ná til starfandi sýslumanna við samþykkt laganna heldur einungis skipaðra sýslumanna. Það er með öllu óljóst hverjir verða starfandi sýslumenn við samþykkt laganna.

Þá þykir mér mikilvægt að skýrt komi fram í lagatextanum að skipað verði í öll hin nýju embætti á sama tíma og áður en nokkurt nýtt embætti verður stofnað, enda er verið að stofna níu ný embætti. Þannig finnst mér hugsunarvilla sem kemur fram í kaflanum; Um ákvæði til bráðabirgða III, en þar er fjallað um heimild ráðherra til að **sameina embætti sýslumanna** í hverju umdæmi fyrr en kveðið er á um í 10. gr. en þar segir: „Slíkt getur t. d. átt við í þeim tilvikum þar sem ekkert er að vanbúnaði við að **sameina embætti sýslumanna**, lokið hefur verið við að skipa sýslumann og lögreglustjóra í umdæmið og þeir eru jafnvel þeir einu sem enn eru starfandi í umdæminu samkvæmt eldra skipulagi“.

Mér finnst sem þessi atriði sem hér hafa verið nefnd ekki heppileg þegar verið er að taka ákvarðanir um málefni sem þetta. Hér er ekki fjallað um nein atriði sem ættu að skipta máli við val á mönnum í embættin, þannig finnst mér eðlilegt að skipuð verði sérstök nefnd sem með málefnalegum og hlutlægum hætti mæti fyrir ráðherrann hverja úr hópi núverandi sýslumanna væri réttast að skipa í hin nýju embætti. Í þeim tilgangi mætti svo hafa embættisúttektir og margháttaðar athuganir til þess að velja þá sem séu líklegastir til þess að gegna hinum nýju embættum með sóma.

Höfn 3. febrúar 2014.

Virðingarfyllst.

Páll Björnsson, sýslumaður

Páll Björnsson

